

Sp.

30. Fyrirspurn

[30. mál]

til ríkisstjórnarinnar um mismun gjaldeyrisandvirðis samkv. 6. gr. laga nr. 28 1962.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Hve miklu nemur, í krónum talinn, sá mismunur á andvirði skilaðs gjald-eyris á eldra gengi og andvirði hans á hinu nýja gengi, er færa skyldi á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum samkv. 2. málsg. 6. gr. laga nr. 28 17. apríl 1962?

2. Hve miklu af þessum mismun, í krónum töldu, er varið til þess að greiða hluta útflutningsgjalds samkv. 1. málsg. 7. gr., hve miklu til þess að greiða hluta hlutatryggingasjóðsgjalds samkv. 2. málsg. 8. gr. og hve miklu til greiðslu vátryggingargjalds samkv. 2. málsg. 6. gr. laganna?